

## ÁRITUN SKOÐUNARMANNS GRÆNS BÓKHALDS .

### Umhverfis- og loftslagsþættir

Ég hef tekið út og yfirfarið útreikninga og upplýsingar sem fram koma í umhverfis- og loftslagsköflum ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga fyrir árið 2023, í samræmi við kröfur 10. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum samstæðunnar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á gögnum í ofangreindum köflum á grundvelli skoðunarinnar.

Skoðunin nær til þýðingarmikilla umhverfisþátta og losun gróðurhúsalofttegunda og er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald sbr. lög nr. 7/ 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem reist eru á tilskipun Evrópusambandsins 2010/75/EC um losun frá iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (endurútgefin). Skoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar í skýrslunni. Hún felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærð og mikilvægi einstakra þátta sem upp eru taldir í skýrslunni.

Árið 2023 urðu engin umhverfisslys.

Ég tel að skoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfis- og loftslagskaflar ársskýrslu Orkuveitunnar 2023 gefi glögga mynd af umhverfisáhrifum rekstursins fyrir árið 2023, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 20. febrúar 2024.  
VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson  
efnaverkfræðingur